

Velferðarnefnd Stranda og Reykhóla, 15. febrúar 2023

49. fundur í Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps. Haldinn miðvikudaginn 15. febrúar 2023, á skrifstofu Strandabyggðar. Fundurinn hófst kl. 16, og var haldinn sem fjarfundur og staðarfundur. Fundi slitið 17.39.

Á fundinn mættu:

Hlíf Hrólfsdóttir (Strandabyggð), Ingibjörg Sigurðardóttir (Strandabyggð), Jenný Jensdóttir (Kaldrananeshreppi) á TEAMS, Hrefna Jónsdóttir (Reykhólahreppi) á TEAMS. Eva Sigurbjörnsdóttir (Árneshreppi) boðaði forföll. Á næsta fundi á að boða Oddnýju fyrir Árneshrepp. Að auki sátu fundinn Soffía Guðrún Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri sem jafnframt ritar fundargerð og Hjördís Hjörleifsdóttir starfsmaður félagsþjónustu. Hlíf Hrólfsdóttir formaður nefndarinnar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. **Afgreiðsla félagsmálastjóra frá síðasta fundi.** Afgreiðslur samþykktar og færðar í trúnaðarbók.
2. **Endurskoðun á upphæðum í reglum um sérstakan húsnæðisstuðning**
Hjördís fór yfir þetta og skjal með upphæðum í nokkrum sveitarfélögum sent til fundarmanna. Upphæðir ræddar og ákveðið að hækka neðri mörkin upp í 4.000.000 og efri í 4.775.000 fyrir einn heimilismann og höldum sama hlutfalli milli upphæða eftir fjölda heimilismanna.
3. **Care-On.** Hjördís kynnir kerfið sem er notað í félagslegri heimaþjónustu. Gögn varðandi Care-On voru send til nefndarmanna í dag til kynningar. Ákveðið að fá frían þrúfubúnað og máta okkur við kerfið og kanna nánar hvað kerfið kostar fyrir okkur.
4. **Breytingar á Barnaverndarþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.** Sveitarfélögin sem standa að félagsþjónustunni eru núna að ræða hvort þau vilji fara í samstarf við sveitarfélögum á Vestfjörðum um Barnavernd og fötlunarmálin þar sem Ísafjörður verður leiðandi sveitarfélag.

5. Önnur mál.

Hjördís bendir á að það sé ósamræmi í reglum og umsóknareyðublöðum hjá Félagsþjónustunni og býðst til að lagfæra það. Einnig þarf að koma þessum reglum og umsóknareyðublöðum á heimasíðu annarra sveitarfélaga en Strandabyggðar. Fundarmenn samþykkja að hún geri það. Næsti fundur er ákveðinn 26. apríl kl. 16.

Ekki var fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:39.

Hlíf Hrólfsdóttir

Ingibjörg B. Sigurðardóttir

Hrefna Jónsdóttir

Jenný Jensdóttir